

4. gr.

Sé um að ræða sérstaka framsetningu á niðurstöðum eða aukamæliblað/vottorð, er tekið sérstakt gjald fyrir, kr. 1.345. Fyrir greinargerð með niðurstöðum er greitt samkvæmt tíma-
mælingu.

5. gr.

Stofnunin áskilur sér rétt til að leggja á aukagjald sé óskað forgangs þannig að yfirvinna sé nauðsynleg vegna mælinganna.

6. gr.

Gjald fyrir rannsóknir sem ekki eru taldar upp í 2. gr. skal ákveða í samræmi við fjölda
vinnustunda og gjald sbr. 1. gr.

7. gr.

Stofnuninni er heimilt að vinna eftir föstum verktilboðum eða verksamningum og er þá
stuðst við taxa sbr. 1. og 2. gr. gjaldskrárinnar.

8. gr.

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt lögum nr. 64, 21. maí 1965, um rannsóknir í þágu
atvinnuveganna, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut
eiga að máli. Jafnframt er felld úr gildi gjaldskrá Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins nr.
515/1993.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 4. maí 1998.

Þorsteinn Pálsson.

Kristján Skarphéðinsson.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 388/1995, um Kvikmyndaskoðun.

1. gr.

4. mgr. 6. gr. orðist svo:

Nú hefur kvikmynd, sem dreifa skal til almennings á myndbandi, verið áður skoðuð í
kvikmyndahúsi og skal þá skoðunarbeiðandi einvörðungu greiða mínútugjald, kr. 57, fyrir
hverja mínútu myndarinnar skv. 1. mgr. vegna skoðunar og skráningar myndarinnar. Skoð-
unargjald fyrir kvikmynd sem framleidd var fyrir árið 1984 er kr. 2.500. Ekki er áskilið að
tveir skoðunarmenn skoði kvikmynd samkvæmt þessari málsgrein, ef forstöðumaður metur
það svo.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 47/1995, um skoðun kvikmynda
og bann við ofbeldiskvikmyndum, og öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytinu, 22. apríl 1998.

Björn Bjarnason.

Árni Gunnarsson.